

Ársskýrsla RKB 2023

Rannsóknarstofa í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum við Landspítala og Háskóla Íslands RKB

Árið 2023 var þriðja starfsár stofunnar en hún var stofnuð 18. maí 2021 með undirritun samnings milli forsvarsmanna og æðstu stjórnenda kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Starfsemin fór hægt af stað, en á árinu 2022 dró til tíðinda og enn frekar á árinu 2023.

STJÓRN

Stjórn RKB var í lok árs 2023 þannig skipuð:

- Þóra Steingrímisdóttir yfirlæknir, prófessor, formaður,
- Anna Ólafía Sigurðardóttir sérfræðingur í hjúkrun, klínískur dósent
- Guðlaug María Júlíusdóttir, félagsráðgjafi, lektor
- Helga Gottfreðsdóttir, ljósmóðir og prófessor (tók sæti Valgerðar Lísu Sigurðardóttur í október, en Valgerður fluttist í stjórn sjóðsins)
- Ása Vala Þórisdóttir rannsóknarstjóri heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Ragnar Grímur Bjarnason, yfirlæknir, prófessor
- Urður Njarðvík, sálfræðingur, prófessor

Stjórn Rannsóknarsjóðs RKB var í lok árs 2023 þannig skipuð:

- Jóhanna Gunnarsdóttir, sérfræðilæknir, lektor, formaður
- Henný Hraunfjörð, hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri, ritari
- Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir, lektor, gjaldkeri (tók sæti Helgu Sólar Ólafsdóttur, félagsráðsgjafa, lektors, í október)
- Dagbjörg B. Sigurðardóttir, sérfræðilæknir, meðstjórnandi
- Raketl Björg Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, meðstjórnandi

STJÓRNARFUNDIR

Stjórn RKB fundaði tvisvar á árinu í bæði skiptin með stjórn rannsóknarsjóðsins. Helstu umræðuefni voru (1)fjárreiður sjóðsins, (2)auglýsinga- og úthlutunarplön um styrki og (3)haustráðstefna.

STARFSFÓLK

RKB hefur enn ekki fengið starfsmann til liðs við sig en eitt helsta baráttumál stjórnarinnar er að fá heimild fyrir slíkri stöðu. Ákvörðun þar um mun þurfa að bíða eftir skýrari línunum í skipuritsbreytingum forstjóra Landspítala. Væntanlegur starfsmaður hefði á hendi viðhald heimasíðu stofunnar, umsjón með ráðstefnuhaldi, umsýslu styrkumsókna og -veitinga sjóðsins, auk ritunar fundargerða og ársskýrslu svo eitthvað sé nefnt. Þessum verkefnum hafa stjórnarmeðlimir skipt með sér og notið aðstoðar og samstarfs við vísindadeild Landspítala.

HLUTVERK

Eitt helsta hlutverk stofunnar er að vera miðstöð vísindarannsókna í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum á Landspítala og Háskóla Íslands, m.a. með því að auka sýnileika þeirrar vísindastarfsemi sem fram fer. Þar hefur vönduð, líflæg heimasíða mikla þýðingu.

HEIMASÍÐA

Heimasíða á ytri vef Landspítala var opnuð í lok júní:

<https://www.landspitali.is/default.aspx?pageid=efec2e76-19d1-4f23-839d-baa8c86b1a6b>

Það sem helst vantar á heimasíðuna eru upplýsingar, undir liðnum Vísindaverkefni, um þá vísindastarfsemi sem fer fram á sviðinu.

HAUSTRÁÐSTEFNA

Vísindaráðstefna RKB var haldin í fyrsta sinn 22. nóv kl 12-16 í Hringsal. Vel tókst til. Tveir héldu boðsfyrirlestra. Auglýst var eftir innsendum ágripum, 19 bárust, haldin voru sex erindi og 12 veggspjöld sýnd. Að lokum voru styrkir úr Rannsóknarsjóði RKB afhentir sex vísindamönnum/hópum.

Vefur ráðstefnunnar er hér, með dagskrá og birtum ágripum:

<https://www.landspitali.is/fagfolk/radstefnur-og-malthing/radstefna-rannsoknastofu-i-faedinga-kvenna-barna-og-fjolskyldufraedum-rkb/>

Ráðgert er að halda svipaða ráðstefnu annað hvert ár, árin sem Fjölskyldan og barnið er ekki haldin.

RANNSÓKNARSJÓÐUR RKB

Auglýstir voru styrkir til vísindamanna í fyrsta sinn úr sjóðnum og þeir veittir sex vísindamönnum/hópum á haustráðstefnu RKB í nóvember. Nánar er frá því greint á heimasíðunni og verður væntanlega í ársskýrslu Rannsóknarsjóðs RKB.

Ársskýrsla þessi er rituð af fráfarandi formanni stjórnar stofunnar (ÞS) og samþykkt af öðrum stjórnarmönnum í janúar 2024.